

Sp.

533. Fyrirspurn

[241. mál]

til félagsmálaráðherra um átak í jafnréttismálum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hvernig hefur tekist til um framkvæmd þeirra tilmæla sem félagsmálaráðherra beindi til ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins, 22. júlí 1987, varðandi átak til að ná settum markmiðum ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum?
2. Hefur konum fjölgað í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum opinberra aðila?
3. Hefur þeim konum fjölgað sem ráðnar eru til „ábyrgðarstarfa“ á vegum hins opinbera?
4. Hafa ráðuneyti og opinberar stofnanir á vegum ríkisins tekið upp sveigjanlegan vinnutíma eða hafið undirbúning að slíkum vinnuháttum?